
Verkefni fyrir árið 2017

í aðgerðaráætlun með Ferðamálastefnu Akureyrar 2016-2026

(Verkefni eða skref ársins auðkennd með bláu lettri)

Allar árstíðir

Akureyri er meðal vinsælustu áfangastaða á landinu og er vinsælasti vetraráfangastaðurinn innanlands meðal íslenskra ferðamanna samkvæmt könnunum. Yfir sumartímann er mjög góð nýting á gistingu en mikil tækifæri liggja í því að efla bæinn enn frekar sem heilsársáfangastað og fjölgja gestakomum og gistinóttum yfir vetrartímann.

Markmið

1. Gistinóttum yfir lágönn (október - maí) fjölgi um 12%

Aðgerðir:

- Að þrýsta á auknar rannsóknir á ferðaþjónustu og bætt aðgengi að niðurstöðum svæðisbundinna rannsókna, samanber áætlanir stjórnvalda í Vegvísi í ferðaþjónustu (2015). [Eftirfylgni: Akureyrarstofa og Markaðsstofa Norðurlands]
- Samstarf við Rannsóknarmiðstöð ferðamála um hvaða rannsókna er þörf/hvaða gögn vantar fyrir svæðið. Samstarf við menntastofnanir á svæðinu um að kynna hugmyndir að rannsókn verkefnum fyrir lokaársnema. Búa til svæði á vef bæjarins þar sem gögn/niðurstöður eru aðgengileg.
- Unnin mörkun (branding) fyrir Akureyri til að byggja upp aukna vitund um Akureyri sem áfangastað í hugum innlendra og erlendra ferðamanna. Út frá mörkuninni verði unnið nýtt markaðsefni fyrir Akureyri. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa]
- Hafinn verður undirbúningur og gerð kostnaðaráætlunar fyrir verkefnið.
- Samstarf ferðaþjónustuaðila á Akureyri verði eflt enn frekar. Það verði gert með áframhaldandi samráðsfundum ferðaþjónustuaðila og aukinni eða bættri upplýsingagjöf. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa]
– Haldnir verða 4 til 5 fundir á árinu, gefin út þrenn fréttabréf auk almennra upplýsinga á netfangalista og á FB síðu ferðaþjónustuaðila á Akureyri.
- Aukið samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi til að styrkja svæðið í heild m.a. með reglulegum fundum ferðamálafulltrúa í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands, samstarfsverkefnum og stefnumarkandi stjórnunaráætlun landshlutans (Destination Management Plan (DMP)) samkvæmt nýjum Vegvísi í ferðaþjónustu (október 2015). [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, Markaðsstofa Norðurlands og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar]
– Unnið er í a.m.k. tveim samstarfsverkefnum „fuglaverkefninu og Arctic Circle Route“ auk þess mætt á sameiginlega fundi ferðaþjónustuaðila, DMP verkefni er farið í gang og fulltrúi frá Akureyrarbæ tekur þátt í því.
- Hlíðarfjall verði þróað sem heilsárs útivistarsvæði og lögð verði enn meiri áhersla á fjallið sem einn af helstu seglum Akureyrar. [Eftirfylgni: Íþrótt- og tómstundafulltrúi, forstöðumaður Hlíðarfjalls, Akureyrarstofa]
- Farið verður yfir kynningarefni bæjarins og skoðað hvernig Hlíðarfjall er kynnt og hvort og hvernig draga megi svæðið betur fram sem einn af megin seglum bæjarins.

- Verið er að vinna og þróa hugmynd varðandi sumarafþreyingu í Hlíðarfjalli og í framhaldinu unnið að mögulegri útfærslu.
- Unnin verður fjárhagsáætlun og í fjármögnun fyrir nýja skíðalyftu í Hlíðarfjalli.

2. **Komið verði á reglubundnu millilandaflugi allt árið um Akureyrarflugvöll**

Aðgerðir:

- Áfram verði markvisst unnið að eflingu millilandaflugs um Akureyrarflugvöll með flugklasnum Air 66N og Markaðsstofu Norðurlands og útgáfu á kynningarefni um Akureyri sem áfangastað. Einnig verði hindranir við markaðssetningu flugvallarins, svo sem hátt eldsneytisverð og afgreiðslutíma flugvéla, kortlagðar og leitað lausna. [Eftirfylgni: Flugklasinn Air 66N og Markaðstofa Norðurlands]
– Akureyrarbær styrkir Flugklasann Air 66N og aðstoðar með öðrum hætti eins og kostur er.
- Bæjarráð þrýstir á að fjarlægja hindranir við markaðssetningu flugvallarins, svo sem hátt eldsneytisverð o.fl.
- Áfram verði þrýst á uppbyggingu flugvallarins og aukna þjónustu flugvallarins. Þar má nefna áframhaldandi vinnu við stækkun flughlaðsins, stækkun flugstöðvarinnar og fleira, þannig að flugvöllurinn verði enn betur til þess fallinn að taka á móti fleiri og stærri flugvélum. [Eftirfylgni: Akureyrarbær, Flugklasinn Air 66N og Markaðstofa Norðurlands]
– Stjórn Akureyrarstofu/Bæjarráð sendir ályktanir og aðstoðar við verkefnið eins og kostur er.

3. **Hjartað í Vaðlaheiðinni slær**

Aðgerðir:

- Samstarfshópur fyrirtækja og sveitarfélaga vinni að því að endurgera hjartað í Vaðlaheiði þannig að það verði kennileiti á ný. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa í samstarfi við Rafeyri]
- Hjartað fer að slá á árinu 2017

4. **Fimm til tíu nýir afþreyingarmöguleikar verði til á Akureyri á næstu fimm árum**

Aðgerðir:

- Skoðaður afgreiðslu- og opnunartími stofnana á vegum bæjarins með tilliti til þarfa ferðapjónustunnar. Fundir haldnir með forstöðumönnum menningarstofnana og íþróttamannvirkja ásamt hagsmunaaðilum í ferðapjónustu. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa í samstarfi við íþrótt- og tómskundafulltrúa]
- Haldinn a.m.k. einn fundur í vor og einn í lok árs
- Akureyrarbær styðji við frumkvöðla- og vöruþróunarverkefni á sviði ferðapjónustu t.d. með fræðslu, vinnusmiðjum og kynningarfundum. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, AFE]
- Nýjum fyrirtækjum boðið að koma á súpufundi til að kynna þjónustu sína. Haft er uppi á nýjum aðilum og þjónusta þeirra kynnt í fréttabréfum (u.þ.b. þrjú fréttabréf á ári). Haldin a.m.k. ein fræðslu/vinnusmiðja á árinu.

5. **Viðburðir sem höfða til ferðamanna verði eflir og þeim fjölgað, á tímabilinu september til maí. Aðgerðir:**

- a. Akureyrarstofa vinni í ágúst á ári hverju yfirlit yfir viðburði næsta árs og sendi út á ferðaskrifstofur og aðra hagsmunaaðila. Viðburðahaldarar verði hvattir til að ákveða dagsetningu viðburða eitt til tvö ár fram í tímann. Lögð verði áhersla á að stýra nýjum viðburðum inn á tímabil þar sem lítið er um að vera til að forðast árekstra og þetta viðburðaárið. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa]
- Útbúið yfirlit og sent út á hagsmunaaðila og kynnt á heimasíðubæjarins um haustið.
- b. Viðburðahaldarar hvattir til að búa til kynningarefni á bæði íslensku og ensku til að jafnt innlendir sem erlendir gestir geti aflað sér upplýsinga um innihald og áherslur viðburða. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa]
- Tryggt að til sé bæði íslenskur og enskur texti/dagskrá á ensku um alla helstu viðburði í bænum.
- c. Settur verði á fót formlegur ráðstefnuklasi sem hefur það að markmiði að efla og fjölga stærri fundum á Akureyri. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa]
- Stofnaður ráðstefnuhópur og tekin ákvörðun um hversu formlegt og hve umfangsmikið samstarfið verður.
- d. Akureyrarstofa og forstöðumaður íþróttamála standi fyrir árlegum samráðsfundi íþróttafélaga á Akureyri. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, íþrótt- og tómsfundarfulltrúi]
- Haldinn einn fundur í lok árs.
- e. Á Akureyrarstofu verði ávalt til uppfærður kynningarpakki um bæinn sem fyrirtæki/stofnanir, félagasamtök og íþróttafélög fá til afnota með það að markmiði að hvetja forsvarsfólk til bjóða heim fundum, þingum og íþróttamótum. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa]
- Núverandi kynningarpakki uppfærður.
- f. Stefna sett um hvaða viðburðir verði eflir sérstaklega til markaðssetningar út á við.
- Gerð tillaga um á hvaða viðburði verði lögð áhersla og unnin kostnaðaráætlun varðandi kynningarstarfið.
- g. Íþróttaráð í samráði við Akureyrarstofu móti stefnu um aðkomu sveitarfélagsins að íþróttatengdum viðburðum.
- Nýtt Frístundaráð setur sér stefnu og markmið og tekur fyrir aðkomu sveitarfélagsins að íþróttatengdum viðburðum.

Innviðir

Sterkir innviðir sveitarfélags eru mikilvægir til að ferðaþjónusta í sveitarfélaginu geti vaxið og dafnað.

Markmið

1. **Aðgengi að helstu ferðamannastöðum verði tryggt allan ársins hring**

Aðgerðir:

- a. Tekið verði tillit til vinsælla áfangastaða ferðamanna innan sveitarfélagsins þegar kemur að snjómokstri og hálkuvörnum.
- Útbúið yfirlit á visitakureyri.is sem sýnir hvar snjómokstur er í forgangi og hvar best er að ganga. [Eftirfylgni: Framkvæmdadeild, Akureyrarstofa]

- b. Aukinn þrýstingur verði settur á stjórnvöld um að tryggja heilsársaðgengi að vinsælustu áfangastöðum ferðamanna á Norðurlandi. [Eftirfylgni: Bæjarstjórn] - [Stjórn Akureyrarstofu og Bæjarráð þrýsta á bætt aðgengi til helstu ferðamannastaða á Norðurlandi.](#)

2. **Heimsóknir á upplýsingasíður bæjarins tvöfaldist á næstu fimm árum.**

Aðgerðir:

- a. Niðurstöður úr rannsóknum (sbr. verkefni undir Allar árstíðir) verði nýttar til að bæta upplýsingasíður bæjarins. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa] - [Rannsóknir skoðaðar og upplýsingar bættar miðað við niðurstöðurnar.](#)
- b. Rafræn þjónusta Akureyrarbæjar eflid enn frekar hvað snýr að upplýsingagjöf til ferðamanna. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa] - [Heimasíðan uppfærð reglulega, „Whats on“ send út á póstlista og samfélagsmiðla á fimmtudögum og listar uppfærðir reglulega.](#)
- c. Myndabanki Akureyrarstofu styrktur enn meira. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa] - [Teknar verði a.m.k. 5 myndir í hverri viku til að nota á samfélagsmiðla og fylla á myndabankann. Samið verður við ljósmyndara að taka a.m.k. eina myndasýrpu á ári af völdum viðfangsefnum.](#)
- d. Rekstur Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna styrktur. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, Markaðstofa Norðurlands?] - [Stærri Upplýsingamiðstöðvar á landinu vinni saman að því að fá auknar fjárveitingar til reksturs frá Ferðamálastofu til að lengja opnunartíma og viðveru sérstaklega á lágönn.](#)

3. **Framboð á námskeiðum fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu verði aukið**

Aðgerðir:

- a. Akureyrarstofa kortleggir í samstarfi við SÍMEY, Símenntun Háskólans á Akureyri, ferðaþjónustuaðila, SAF og Háskólinn á Hólum, hvers konar námskeiða er helst þörf til að auka gæði, hæfni og fagmennsku í ferðaþjónustu á Akureyri. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa í samstarfi við SÍMEY, Símenntun Háskólans á Akureyri, SAF og Háskólinn á Hólum] - [Kanna þörf ferðaþjónustufyrirtækja á menntun/námskeiðum og kynna þau námskeið sem eru í boði.](#)

4. **Byggð verði samgöngumiðstöð**

Samgöngumiðstöð þar sem tekið er tillit til þarfa ferðaþjónustunnar þar sem m.a. öllum helstu samgönguleiðum á landi til og frá Akureyri er komið fyrir á einum stað. [Eftirfylgni: Skipulagsdeild, Framkvæmdadeild og Fasteignir Akureyrarbæjar]

Aðgerðir:

- [Þarfagreiningu lauk árið 2016. Ákvörðun tekin af skipulagsyfirvöldum og í bæjarstjórn Akureyrar fyrir árslok 2017.](#)

5. **Aukið samstarf sveitafélagins, Hafnarsamlagsins og hagsmunaaðila vegna skemmtiferðaskipa**

Aðgerðir:

- a) Hafnarsamlag Norðurlands geri stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa fyrir lok árs 2017 í

samstarfi við sveitarfélagið og hagsmunaaðila. Þar verði sérstaklega hugað að styrkingu innviða og bættu upplýsingaflæði.

- Hafnarsamlagið gerir stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa.

6. **Leitað verði eftir fjárfestingu einkaaðila í afbreytingarmöguleikum sem hafa mjög mikið aðdráttarafl þannig að meirihluti ferðamanna heimsæki eða nýti sér.**

Aðgerðir:

a) Kannað verði sérstaklega hvort klárflyfta á topp Hlíðarfjalls geti orðið að veruleika sem einkaframkvæmd. [Eftirfylgni: Skipulagsdeild, Framkvæmdadeild og Fasteignir Akureyrarbæjar í samstarfi við Akureyrarstofu]

- Gerð verði gróf áætlun eða eldri áætlun uppfærð um byggingarkostnað klárflyftu fyrir lok árs 2017.

Vistvæn og græn

Akureyrarbær hefur sett sér það að markmiði að vera kolefnishlutlaust sveitarfélag og hefur félagið Vistorka það hlutverk að reikna út og birta kolefnisfótspor Akureyringa. Með tilkomu nýrrar umhverfis- og samgöngustefnu Akureyrar seinna á árinu verður stefna Akureyrarbæjar í umhverfismálum enn skýrari og verður hún kynnt ferðaþjónustufyrirtækjum í sveitarfélaginu og þau hvött til að setja sér sín eigin markmið.

Markmið

1. **Akureyri verði grænn áfangastaður**

Aðgerðir:

- a. Umhverfisnefnd Akureyrarbæjar vinnur nú þegar að því að setja sveitarfélaginu umhverfis- og samgöngustefnu þar sem m.a. almenningsamgöngukerfi innan Akureyrar er tekið til endurskoðunar. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki árið 2016. [Eftirfylgni: Umhverfisnefnd]
- Umhverfis og mannvirkjaráð tekur stefnuna til endurskoðunar og fylgir verkefnum eftir.
- b. Ferðaþjónustufyrirtæki verði hvött til að spegla metnaðarfulla umhverfisstefnu Akureyrarbæjar með upplýsingum og fræðslu til viðskiptavina, auk sýnileika í þátttöku í umhverfismálum í eigin starfsemi. [Eftirfylgni: Umhverfisnefnd, Akureyrarstofa, Vistorka]
- Kynna stefnuna á súpufundi og hvetja ferðaþjónustufyrirtæki til að taka þátt.
- c. Ferðaþjónustuaðilar á Akureyri verði hvattir til að miðla upplýsingum um flokkun sorps í sveitarfélaginu til ferðamanna. Sveitarfélagið útbúi aðgengilegar upplýsingar sem ferðaþjónustuaðilar geti nýtt að þessu marki. [Eftirfylgni: Framkvæmdadeild, Gámaþjónusta Norðurlands]
- Kynna upplýsingarnar með tölvupóst á samfélagsmiðlum og aðstoða við dreifingu t.d. í gegnum Upplýsingamiðstöð ferðamanna.
- d. Í öllu kynningarefni sem Akureyrarbær sendir frá sér verði reynt að koma á framfæri áherslu sveitarfélagsins á umhverfisgæði og umhverfismál. [Eftirfylgni: Akureyrarbær]
- Tryggja að inni á vefsíðum, bæklingum og öðru kynningarefni á vegum bæjarins sé efni um áherslur sveitarfélagsins á umhverfisgæði og umhverfismál

- e. Lögð verði áhersla á að minnka prentað efni en bjóða frekar upp á rafrænar upplýsingar. [Eftirfylgni: Akureyrarbær]
 - Senda rafræna bæklinga til þeirra sem leita eftir upplýsingum og vísa á rafrænar upplýsingar og tryggja að þær séu aðgengilegar á ferðamannavef bæjarins.
- f. Settar verði upp hagnýtar flokkunartunnur á einum til tveim stöðum í miðbænum á sýnilegum stöðum til þess að auka flokkun á endurnýtanlegum úrgangi. [Eftirfylgni: Framkvæmdardeild]
 - Komnar verða a.m.k. tvær flokkunarstöðvar á sýnilegum stöðum í og við Göngugötuna fyrir árslok 2017.

2. **Ferðaþjónustufyrirtækjum í Vakanum fjölgi um fimm á ári næstu þrjú árin**

Aðgerðir:

- a. Í samstarfi við Ferðamálastofu verði kynnt reglulega hvaða fyrirtæki eru þátttakendur í Vakanum og þýðingu þess. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, í samstarfi við Ferðamálastofu]
 - Tekin verði saman staðan á fjölda aðila sem eru þátttakendur í Vakanum og birt í hagtölum ferðamála fyrir bæinn.
 - Unnið verði að því að Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri verði þátttakandi í Vakanum á árinu 2017.

3. **Allir veitingastaðir á Akureyri verði komnir með Vistorkuvottun**

Aðgerðir:

- a. Komið verði á vottunar- og hvatningarkerfi fyrir veitinga- og gististaði um að flokka lífrænan úrgang frá öðru rusli. [Eftirfylgni: Vistorka]
 - Innleiðing á verkefninu hófst í nóvember 2016 og er vottunar- og hvatningarkerfið þrjúþætt: Lífrænum úrgangi er skilað í Moltu, notaðri steikingarolíu skilað í Orkey og gestum boðið upp á „Leif Arnar heim – boxið“.
 - Fyrstu fyrirtækin verði orðin þátttakendur á árinu 2017.
- b. Unnið verði að því að kynna Akureyri sem vistvænt og kolefnishlutlaust sveitarfélag í samstarfi við Vistorku. Sérstök áhersla verði á að draga fram þau fyrirtæki sem vinna að vistvænum lausnum og kynna starfsemi þeirra. [Eftirfylgni: Framkvæmdardeild og Akureyrarstofa í samstarfi við Vistorku]
 - Gerður verður kyningartexti um vistvæna hlið bæjarins inn á vefsíður Akureyrarbæjar og hugað að leiðum um hvernig hampa megi þeim fyrirtækjum sem standa sig vel í þessum málaflokki.

Útivist

Vinsældir útivistar og hreyfingar hafa vaxið mjög á Íslandi á síðustu árum og ferðamenn, bæði innlendir og erlendir, sækja í auknum mæli í ýmis konar hreyfingu á ferðalögum sínum. Umhverfis Akureyri má finna fjölmörg útivistarsvæði þar sem finna má fjölbreyttar gönguleiðir og útivistarmöguleika. Þá má búast við aukinni uppbyggingu bæði í Hlíðarfjalli og í Glerárdal á næstu misserum.

Mörg tækifæri eru í afþreyingu á Pollinum og meðfram strandlengjunni og miklar breytingar verða á þessu svæði á næstu árum. Tryggja þarf að mengunarvarnir séu til fyrirmyndar og að aðgengi að svæðinu sé gott.

Markmið

1. Framboð á sjávertengdri afþreyingu tengdri Pollinum aukist um 20% næstu fimm árin

Aðgerðir:

- a. Teknar verða saman árlega upplýsingar um fjölda gesta og framboð ferða. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa í samstarfi við sjávertengda ferðaþjónustuaðila]
- Í samstarfi við ferðaþjónustuaðila sem bjóða upp á ferðir á/við Pollinn er haldið utan um tölulegar upplýsingar svo sem fjölda gesta auk framboðs og tímabil ferða.
- b. Haldnir verði a.m.k. einu sinni á ári samráðsfundir með hagsmunaaðilum til að ræða nýtingu svæðisins og huga að framtíðarþróun. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa í samstarfi við Framkvæmdadeild og Skipulagsdeild]
- haldinn fundur með hagsmunaaðilum með það að markmiði að draga fram möguleika.
- c. Pollurinn verði hreinn og heilnæmur. Mengunarvarnir og skolpmál verði eins og best verður kosið. [Eftirfylgni: Heilbrigðiseftirlit Norðurlands, Norðurorka]
- Norðurorka er að undirbúa byggingu nýrrar hreinsistöðvar fráveitu fyrir allt skólp frá Akureyri við Sandgerðisbót á Akureyri. Hönnun er langt komin og hafinn er vinna við lóð stöðvarinnar. Þáttur í undirbúningnum er umhverfismat á framkvæmdinni og áhrifum hennar og lýkur því ferli á árinu 2016. Á árinu 2017 er stefnt að því að klára lóðina og hefja byggingu á hreinsistöðinni.
- d. Unnið verði að enn frekari uppbyggingu strandlengjunnar meðfram Pollinum. [Eftirfylgni: Framkvæmdadeild]
- Verkefni hjá Framkvæmdadeild á árinu 2017 hafa allmennt ekki verið ákveðin fyrir utan það að setja lýsingu meðfram stígnum inn við flugvöllinn.

2. Útivistarvalkostum í bæjarlandinu verði fjölgað og unnið að því að bæta þá sem þegar eru til staðar svo sem Hlíðarfjall, Lystigarðinn, Kjarnaskóg og Óshólmana.

Aðgerðir:

- a. Sérstök áhersla verði á að kynna gönguleiðir í bænum, meðal annars með því að hafa aðgengileg kort og GPS punkta yfir leiðirnar. [Eftirfylgni: Framkvæmdadeild, Akureyrarstofa]
- Undirbúa gerð korts sem sýnir gönguleiðir í bæjarlandinu.
- b. Samfara uppbyggingu virkjunar í Glerárdal verði unnið markvisst að því að kynna og þróa dalinn sem útivistarsvæði. [Eftirfylgni: Framkvæmdadeild, Skipulagsdeild, Akureyrarstofa, Norðurorka í samstarfi við Fallorku]
- Á árinu 2017 mun Fallorka – dótturfélag Norðurorku – vinna að uppbyggingu virkjunar á Glerárdal sem stefnt er að því að gangsetja fyrir árslok 2017. Samhliða framkvæmdunum verður lögð fallpípa fyrir virkjunina og ofan á henni byggður rúmlega 6 km langur göngu- og hjólastígur sem nota má sem skíðaleið á veturna. Stígurinn liggur frá Réttarhvammi og upp með Glerá að vestan.
- c. Áframhaldandi þróun og uppbygging á aðstöðu til fuglaskoðunar í sveitafélaginu, meðal annars með stígagerð og byggingu skýla. Sérstaklega verði litið til samstarfsverkefna með öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi um markaðssetningu og kynningu fuglastíga. [Eftirfylgni: Framkvæmdadeild, Akureyrarstofa]

- Fuglaskoðunarþæklingur fyrir allt Eyjafjarðarsvæðið er í vinnslu og fer í dreifingu og kynningu á árinu 2017.

3. **Á öllum útivistarsvæðum sveitarfélagsins og helstu gönguleiðum verði fræðslu- og upplýsingaskilti um viðkomandi svæði.**

Aðgerðir:

Unnið verði að fjölgun fræðsluskilta og vegvísium í sveitarfélaginu öllu. [Eftirfylgni: Framkvæmdadeild í samstarfi við Akureyrarstofu]

- Settar verða upp 6 nýjar söguvörður á Akureyri, 2 söguvörður í Grímsey og 1 í Hrísey.

- Bætt verður við nokkrum vegvísium á villugjörnum stöðum.

4. **Upplýsingar um fjallahjólástiga í bæjarlandinu verði aðgengilegar á vef Akureyrarbæjar.**

Aðgerðir:

Þar verði hægt að finna GPS punkta, texta og myndir frá stígum.

[Framkvæmdadeild í samstarfi við Akureyrarstofu]

- Undirbúið verði kort af hjólástigum í bæjarlandinum og efnið kynnt á vef bæjarins.

Menning

Árið 2013 var samþykkt Menningarstefna Akureyrarbæjar 2013-2018 þar sem meðal annars er fjallað um menningartengda ferðapjónustu. Þar kemur fram hversu mikilvæg menningin er sem aðráttarafl. Samkvæmt upplýsingum úr vetrarkönnunum Ferðamálastofu sækir um helmingur ferðamanna menningar- og sögutengda afþreyingu. Það er því eðlilegt að þessar tvær stefnur tali einum rómi. Sérstaklega er fjallað um söfn og menningu í Menningarstefnu Akureyrarbæjar og væntanlegri safnastefnu.

Markmið

1. **Aukin þjónusta safna við ferðamenn og ferðaskipuleggjendur**

Aðgerðir:

a. Stjórn Akureyrarstofu móti safnastefnu fyrir sveitarfélagið. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki á árinu 2017. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa]

- Safnastefna unnin og kláruð á árinu.

b. Á öllum söfnum sé til kynningarefni á öðrum tungumálum en íslensku, ekki síst á heimasíðum, auk þess boðið sé upp á viðburði/leiðsagnir fyrir erlenda ferðamenn. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa í samstarfi við forsvarsaðila safna bæjarins]

- Farið yfir stöðu mála, hvar er þörf á breytingum, og gerð kostnaðaráætlun.

c. Afgreiðslutími utan sumars verði lengdur og verðskrár vegna sértækra opnanna og annarrar þjónustu verði sýnilegri. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, forstöðumenn menningarstofnanna]

- Farið yfir stöðu mála, hvar er þörf á breytingum, og gerð kostnaðaráætlun.

2. **Aukinn fjöldi menningarviðburða sem hentar ferðamönnum verði í boði.**

Aðgerðir:

a. Þjóða upp á menningarviðburði og/eða aðrar upptakomur sem henta innlendum og erlendum ferðamönnum í samstarfi við stofnanir á vegum Akureyrarbæjar, Menningarfélag Akureyrar og aðra áhugasama. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, Menningarfélag Akureyrar, forstöðumenn menningarstofnanna]

- Haldinn hugaflugsfundur með menningarstofnunum til að ræða tækifæri með það að markmiði að koma á a.m.k. einum reglulegum viðburði sem sérstaklega er sniðinn

að erlendum gestum.

- b. Gætt verði að því að dagskrá Listasumars á Akureyri höfði jafnt til ferðamanna sem heimafólks og að áhersla verði lögð á að kynningarefni sé bæði á íslensku og ensku. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, Listasafnið á Akureyri]
- Farið yfir markmiðið með verkefnastjóra Listasumars hverju sinni.

3. **Að komið verði á árlegri matarmenningarhátíð Local Food Festival**

Aðgerðir:

- a. Stutt verði við matarmenningu svæðisins. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa í samstarfi við vinnuhóp North Iceland Local Food og Markaðsstofu Norðurlands]
- Hafin verði vinna við að útbúa sérstakt kynningarsvæði á ferðamannavef bæjarins (visitakureyri.is) þar sem matartengd sérkenni svæðisins verða dregin fram; matvælaframleiðsla á svæðinu og þekktar framleiðsluvörur.
- b. Akureyrarstofa styðji við Local Food Festival hátíðina með því að eiga fulltrúa í vinnuhóp verkefnisins og vinna að þróun, framgangi og kynningu hátíðarinnar. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa í samstarfi við vinnuhóp North Iceland Local Food og Markaðsstofu Norðurlands]
- Þátttaka í vinnuhóp verkefnisins.

Hrísey

Hrísey er hluti Akureyrarkaupstaðar eftir sameiningu árið 2004. Eyjan er í utanverðum Eyjafirði og er önnur stærsta eyjan við Ísland. Hún skartar mikilli sérstöðu og er jafnan kölluð "Perla Eyjafjarðar". Í Hrísey er u.þ.b. 170 manna byggð í snyrtilegu sjávarþorpi með fallegum gömlum húsum, hellulögðum götum og einstöku útsýni. Norðurhluti Hríseyjar, Ystabæjarland, er alfriðað land í einkaeigu. Til Hríseyjar gengur ferjan Sævar frá Árskógssandi. Sjá nánar á hrisey.is.

Markmið

1. **Hrísey verði sköpuð sérstaða sem Perla Eyjafjarðar og öll uppbygging taki mið af þeirri sérstöðu**

Aðgerðir:

- a. Hönnun á útliti og skipulagi út frá sérstöðunni. Unnið verði að hönnun eyjarinnar sem áfangastaðar í samráði við íbúa, t.d. með hönnunarsamkeppni eða öðrum sambærilegum leiðum til að marka eyjuna enn frekari sérstöðu. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, Framkvæmdadeild í samstarfi við hverfisráð Hríseyjar og Ferðamálafélag Hríseyjar]
- Unnið að fjárhagsramma verkefnisins og sótt um styrki til að fjármagna vinnuna.

2. **Aukinn fjöldi afþreyingamöguleika og þjónustu**

Aðgerðir:

- a. Haldin verði námskeið og vinnustofur, auk þess sem áhugasamir verði hvattir til þátttöku í nýsköpunarverkefnum. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, verkefnastjóri brothættra byggða]
- Látið vita af námskeiðum og vinnustofum sem verða í boði.
- b. Sjúndsndaðstaðan þróuð áfram og tengd sundlauginni. Kynning á aðstöðunni verði efl. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, Framkvæmdadeild, forstöðumaður íþrótt- og tómstundamála, forstöðumaður Sundlauga Akureyrar, Hverfisráð Hríseyjar]
- Möguleikar á samnýtingu skoðaðir og hvernig best má vinna að kynningarmálum.

- c. Farið verði í að þróa og kynna aðstöðu fyrir minni fundi og ráðstefnur í eyjunni. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, verkefnastjóri brothættra byggða, Fasteignir Akureyrar]
- Útbúið yfirlit yfir þá aðstöðu sem er fyrir hendi og hvað skortir.

3. Fjölgun ferðamanna

Aðgerðir:

- a. Unnið að aukinni markaðssetningu þar sem lögð er áhersla á sérstöðu eyjunnar. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, verkefnastjóri brothættra byggða]
- Hvernig er kynningu háttað í dag og hvaða tækifæri eru til úrbóta með kostnaðaráætlun.
- b. Þrýst verði á bættar samgöngur milli Akureyrar og Hríseyjar með sérstaka áherslu á að komu- og brottfarartímar ferju og strætó vinni saman, auk þess að strætó aki niður að ferjuhöfn. [Eftirfylgni: Bæjarstjórn, Eyþing, Hverfisráð Hríseyjar]
- Þrýst á um að komu- og brottfarartímar ferju og strætó vinni saman, auk þess að strætó aki niður að ferjuhöfn.
- Biðskýli verði opnað á Árskógssandi fyrir ferjufarþega.

Grímsey

Grímsey er hluti Akureyrarkaupstað eftir sameiningu árið 2009. Í Grímsey búa um 80 manns og byggist atvinna að megninu til á fiskveiðum og fiskverkun. Fastar flugferðir eru til Grímseyjar frá Akureyri og ferjuferðir frá Dalvík allt árið. Þar að auki hafa ferðaþjónustuaðilar boðið upp á sérferðir yfir sumartímann. Sjá nánar visitgrimsey.is.

Markmið

1. Grímsey verði vinsæll áfangastaður og þekkt fyrir að vera nyrsta byggða ból Íslands

Aðgerðir:

- a. Unnið verði að hönnun og uppbyggingu eyjarinnar sem áfangastaðar í samráði við íbúa þar sem sérstaklega verður byggt á sögu og sérstöðu Grímseyjar. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, verkefnastjóri brothættra byggða og Hverfisráð Grímseyjar]
- Unnið að fjárhagsramma verkefnisins og sótt um styrki til að fjármagna vinnuna.
- b. Aukin markaðssetning þar sem lögð er áhersla á sérstöðu eyjarinnar. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa]
- Draga fram sérstöðu eyjarinnar og skoða tækifæri eru til úrbóta með kostnaðaráætlun.

2. Aukið hlutfall gesta sem dvelja lengur en dagspart í Grímsey

Aðgerðir:

- a. Þrýst verði á fjölgun áætlunarferða til Grímseyjar allt árið og þá sérstaklega í apríl til september. Sérstaklega verði unnið að því að komu- og brottfarartímar ferju og strætó vinni saman. [Eftirfylgni: Bæjarstjórn, Eyþing, Hverfisráð Grímseyjar]
- Þrýst á loforð um fleiri áætlunarferðir ferju sbr. tillögu aðgerðarhóps
- Þrýst á Eyþing um að bjóða upp á strætóferð í tengslum við ferjuferðir svipað og boðið var upp á sumarið 2016.
- b. Unnið verði að því að bæta aðstæður á tjaldsvæðinu svo það verði raunhæfur kostur fyrir gesti sem vilja dvelja yfir nótt. [Eftirfylgni: Framkvæmdadeild]
- Gert mat á núverandi aðstöðu og tillögur að úrbótum með kostnaðaráætlun.

3. **Fjölga störfum í ferðaþjónustu og hækka tekjur íbúa af ferðaþjónustu m.a. með sölu afþreyingar, þjónustu og minjagripa.**

Aðgerðir:

- a. Haldin verði námskeið og vinnustofur, auk þess sem áhugasamir verði hvattir til þátttöku í nýsköpunarverkefnum. [Eftirfylgni: Akureyrarstofa, Verkefnastjóri brothættra byggða]
- Látið vita af námskeiðum og vinnustofum sem verða í boði.

Skemmtiferðaskip

Fjöldi skemmtiferðaskipa sem heimsækir Akureyri fer vaxandi á hverju ári. Sömuleiðis hefur minni skipum sem hafa viðkomu bæði á Akureyri og í Grímsey fjölgað. Skemmtiferðaskipin hafa mikla þýðingu fyrir afkomu Hafnasamlags Norðurlands og eru farþegarnir einnig mikilvægir fyrir þá fjölmörgu afþreyingaraðila og ferðaskipuleggjendur sem bjóða upp á ferðir. Í dag er staðan sú að um 60-70% skemmtiferðaskipagesta á Akureyri kaupa skipulagðar ferðir á meðan viðdvöl þeirra á Akureyri stendur. Sá hluti gesta sem ekki fer í skipulagðar ferðir röltir um bæinn, kemur við í Hofi og fær bæklinga/kort, lítur við í verslunum og skoðar áhugaverða staði í bænum. Samkvæmt könnun sem Cruise Iceland lét vinna má áætla að efnahagsleg áhrif þessara skipakoma til Akureyrar og Grímseyjar séu um 1,9 milljarður króna og komur þeirra skapi um 80 heilsársstörf.

Þessi mikli og hraði vöxtur í komum skemmtiferðaskipa hefur gert það nauðsynlegt að sett verði stefna um framtíð móttöku skemmtiferðaskipa. Akureyrarbær og Hafnasamlag Norðurlands setji sér stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa. Stefnumótunin verði tilbúin fyrir lok árs 2017. [Eftirfylgni: Hafnasamlag Norðurlands]